

# Ávísun á farsæld

# Ávísun á farsæld

- **Verkefnið *Ávísun á farsæld***
  Heildstætt þróunarverkefni 2025–2027 sem sameinar heilsugæslu, skólakerfið, frístundir, íþróttir og fjölskyldur barna.

- **Markmið**
  Fjölga úrræðum og stuðningi á 1. stigi, efla hlutverk heilbrigðisþjónustu og frístunda í farsældarþjónustu.

- **Nálgun**
  Byggir á AllChild-nálguninni sem hefur reynst vel í Bretlandi.

- **Áhersluþættir**
  Gagnadrifnar skimanir, tengslaþjálfar sem tengja börn og fjölskyldur við þjónustu, og ávísunarkerfi sem tryggir aðgengi að íþróttum, tómstundum og öðrum úrræðum.

# Markhópurinn

## Fjöldi barna

Um 800 börn á Suðurnesjum

## Árgangahópar

Börn í 1., 4., 7., 9. bekk og 1. ári FS

## Börn frá Grindavík

Börn sem bjuggu í Grindavík fyrir rýmingu

## Áhersla á áhættuhópa

Markhópurinn samanstendur af börnum sem eru í áhættuhópum hvað varðar andlega líðan, félagslega stöðu, vanvirkni og áhættuhegðun

# Stoðþættir verkefnisins

## Gagnadrifnar skimanir

Skimun í skólum á sviðum andlegrar líðanar, tómstundaþátttöku og félagsfærni. Nýtt spálíkan sameinir gögn úr skólum og heilbrigðisþjónustu til að meta áhættu.

## Tengslaþjálfar, hjartað í verkefninu

Sérhæfðir starfsmenn sem starfa innan skólanna og styðja enn frejar við samstarf milli barns, heimilis, skóla, frístunda og heilbrigðisþjónustu. Vinna beint með börnum og fylgja þeim eftir í allt að 12 mánuði.

## Ávísanakerfið, nýsköpunin

Börn fá ávísun á úrræði: tómstundaávísun, félagsþroskaávísun og geðheilbrigðisávísun. Þetta tryggir aðgang að íþróttum, tómstundum, félagsfærniþjálfun eða öðrum stuðningi án þess að ferlið verði þungt, flókið eða fjárhagslega hamlandi.



# Fjörheimar

Verkefnið verður hýst innan Fjörheima, sem styrkir tengsl við félagsmiðstöð, ungmennahús og frístundastarf.

Fjörheimar munu samhæfa samstarf og tryggja gott aðgengi barna og fjölskyldna að þjónustunni á miðlægum stað.

# Markmið verkefnisins

- **Færri hegðunarvandamál**
  Markmið er 30% fækkun slagsmála og eineltismála á 24 mánuðum.

- **Betri líðan**
  Minnka kvíða, depurð og einmannaleika, ekki sýst hjá stúlkum í 8.-10. bekk

- **Minnka álag á starfsfólk grunnskóla**
  Tengslaþjálfar starfa með fagfólki skólans og geta tekið við verkefnum í samráði við mat þeirra og á grundvelli skimana skólahjúkrunarfræðinga.

- **Aukið jafnræði**
  Markmið er að auka þátttöku barna af erlendum uppruna og viðkvæmum hópum í frístundastarfi, efla liðsheild og upplifun af því að tilheyra.

# Framtíðarmöguleikar verkefnisins

Áætlaður samfélagslegur sparnaður

Auknar fornarnir, samhæfing við heilbrigðiskerfi

Fyrirmynd fyrir önnur svæði

Þátttaka barna í tómstundastarfi, andleg vellíðan og minna álag

Ávísun á farsæld er samfélagsverkefni sem sameinar krafta skólakerfis, frístunda, heilbrigðisþjónustu, barna og fjölskyldna.

Markmiðið er að fjölga úrræðum og efla enn frekar heildrænan stuðning við börn og fjölskyldur á Suðurnesjunum.

